

# SAMÞYKKT

## um styrkveitingar Svalbarðsstrandarhrepps.

### 1. grein

*Tilgangur samþykktar um styrkveitingar.*

- Tilgangur samþykktar þessarar er að einfalda og skýra vinnulag við styrkveitingar Svalbarðsstrandarhrepps og stuðla að jafnræði við afgreiðslu styrkbeiðna.

### 2. grein

*Umsóknir um styrki.*

- Fjallað skal um umsóknir um styrki árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins. Frestur til að skila umsóknum skal auglýstur á heimasíðu sveitarfélagsins í a.m.k. 14 daga.
- Umsóknir um styrki skulu vera skriflegar og undirritaðar af umsóknaraðila eða fyrirvarsmönnum umsóknaraðila. Heimilt er að óska eftir að umsóknum sé skilað á sérstökum eyðublöðum sem þá skulu gerð aðgengileg á vef sveitarfélagsins.

### 3. grein

*Fylgigögn með umsókn.*

- Umsóknum einstaklinga skal fylgja greinargóð umsókn þar sem gerð er grein fyrir fjárhagshlið þess verkefnis sem sótt er um styrk til.
- Umsóknum félaga skal fylgja síðasti ársreikningur umsóknaraðila, fjárhagsáætlun komandi árs, auk greinargóðar lýsingar á því til hvers þeir fjármunir sem óskað er eftir skulu nýttir og upplýsinga um aðra fjármögnun verkefna.
- Hafi umsóknaraðili fengið styrk frá sveitarfélaginu á yfirstandandi fjárhagsári þegar umsókn er lögð inn skal gera grein fyrir ráðstöfun hans, sem og fjármálum varðandi þau verkefni sem hann var veittur til.

### 4. grein

*Ákvörðun styrkja.*

- Sveitarstjórn ákvarðar styrki í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert á grundvelli innsendra umsókna. Við mat á því hverjir hljóta styrki skal horft til samfélagslegs ávinnings verkefna og fjárhagslegrar stöðu sveitarfélagsins.
- Heimilt er að skilyrða styrkveitingu því að sá sem undirritar umsókn sýni fram á umboð sitt til að taka við fjármunum í nafni umsóknaraðila.

### 5. grein

*Styrktarlínur, styrktar kaup o.þ.h.*

- Svalbarðsstrandarhreppur og stofnanir hans kaupa ekki auglýsingar, styrktarlínur, auglýsingavörur eða sambærilegt til styrktar félögum, samtökum, fyrirtækjum eða einstaklingum, umfram þá styrki sem fjallað er um samkvæmt ofansögðu.

### 6. grein

*Undanþágur.*

- Styrkir skulu að jafnaði ekki veittir aðilum sem sækja um þá utan umsóknartíma. Þó er sveitarstjórn heimilt að veita styrki utan þess tíma ef ástæða þykir til.
- Sveitarstjóri og oddviti skulu í sameiningu meta hvort slík styrkumsókn gefur tilefni til umfjöllunar í sveitarstórn.

*Samþykkt á 12. fundi sveitarstjórnar þann 12. apríl 2011.*